



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staðfesting skóladagatala grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2019 – 2020

Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er eitt af meginhlutverkum skólanefndar sveitarfélags að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert. Skóladagatöl eru hluti af starfsáætlun skóla. Nú eru skóladagatöl lögð fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar en stefnt er að því að leggja starfsáætlanir næsta skólaárs fyrir í byrjun næsta skólaárs.

Eftirfarandi grunnskólar í Reykjavík hafa skilað inn fullnægjandi skóladagatölum fyrir starfsárið 2019 -2020:

Austurbæjarskóli	Klettaskóli
Árbæjarskóli	Klébergsskóli
Ártúnsskóli	Laugalækjarskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Laugarnesskóli
Breiðagerðisskóli	Landakotsskóli
Breiðholtsskóli	Langholtsskóli
Brúarskóli	Melaskóli
Dalskóli	Norðlingaskóli
Fellaskóli	Réttarholtsskóli
Foldaskóli	Rimaskóli
Fossvogsskóli	Selásskóli
Grandaskóli	Seljaskóli
Hagaskóli	Skóli Ísaks Jónssonar
Hamraskóli	Suðurhlíðarskóli
Háaleitisskóli	Sæmundarskóli
Háteigsskóli	Tjarnarskóli
Hlíðaskóli	Vesturbæjarskóli
Hólabrekkuskóli	Vogaskóli
Húsaskóli	Vættaskóli
Ingunnarskóli	Waldorfskólinn Sólstafir
Kelduskóli	Ölduselsskóli

Skóladagatöl skólanna uppfylla skilyrði um 180 skóladaga að lágmarki, þar af 170 óskerta kennsludaga nemenda og umsagnir skólaráðs hafa borist.

Eftirfarandi skólar hafa óskað eftir frávikum frá skóladagatali:

Austurbæjarskóli óskar eftir að vera með hefðbundna vorhátíð laugardaginn 23. maí í samstarfi við foreldrafélag skólans.

Árbæjarskóli óskar eftir að vera með árshátíð unglinga síðdegis 20. feb. og 1.- 7. bekk síðdegis 7. maí 2020 eftir að hefðbundnum skóladegi nemenda lýkur.

Breiðagerðisskóli óskar eftir að hafa hausthátíð í samstarfi við foreldrafélagið síðdegis fimmtudaginn 12. september að loknum hefðbundnum skóladegi.

Breiðholtsskóli óskar eftir að vera með skertan nemendadag síðdegis 28. nóv. sem skreytingadag og að hafa vorhátíð síðdegis þriðjudaginn 26. maí í samstarfi við foreldrafélag skólans.

Dalskóli óskar eftir að hafa skólaboðun/heimaviðtöl fimmtudaginn 22. ágúst og er skólasetning síðdegis þann sama dag eins og skóladagatalið segir til um.

Foldaskóli óskar eftir að halda upp á 35 ára afmæli skólans síðdegis fimmtudaginn 2. apríl 2020 í samstarfi við foreldrafélag skólans.

Fossvogsskóli óskar eftir að halda skólaslit og vorhátíð síðdegis 5. júní en vorhátíðin er samstarfsverkefni skólans, frístundaheimilisins og foreldrafélagsins.

Grandaskóli óskar eftir að hafa vorhátíð síðdegis miðvikudaginn 27. maí í samstarfi við foreldrafélag skólans.

Hagaskóli óskar eftir að vera með góðgerðardaginn *Gott mál* síðdegis 1. okt. 2018 í tengslum við 60 ára afmæli skólans og árshátíð 7. feb. 2018 í kjölfar hefðbundins skóladags.

Hamraskóli óskar eftir að vera með vorsýningu og foreldraskemmtun síðdegis 27. maí 2020 í kjölfar hefðbundins skóladags.

Háaleitisskóli óskar eftir að vera með vorhátíð í samstarfi við foreldrafélagið á fallegum vordegi í maí með þátttöku kennara og annara starfsmanna. Dagsetning verður ákveðin síðar.

Háteigsskóli óskar eftir að vera með vorhátíð síðdegis fimmtudaginn 14. maí í samstarfi við foreldrafélag skólans.

Hólabrekkuskóli óskar eftir að vera með sumarhátíð síðdegis miðvikudaginn 3. júní 2020 í samvinnu við foreldrafélagið.

Húsaskóli óskar eftir að halda jólaskemmtun síðdegis 19. desember að loknum hefðbundnum skóladegi og vorhátíð síðdegis miðvikudaginn 27. maí 2020 í samstarfi við foreldrafélagið.

Ingunnarskóli óskar eftir að hafa skólaslit síðdegis 5. júní 2020 að loknum hefðbundnum skóladegi.

Kelduskóli óskar eftir að halda vorhátíð í samstarfi við foreldrafélag skólans síðdegis ***fimmtudaginn*** 28. maí – að loknum hefðbundnum skóladegi.

Klébergsskóli óskar eftir að halda jólaskemmtun síðdegis mánudaginn 18. desember að loknum hefðbundnum skóladegi nemenda og árshátíð eldri nemenda síðdegis að loknum hefðbundnum skóladegi föstudaginn 27. mars og yngri nemenda fimmtudaginn 2. apríl. Enn fremur óskar skólinn eftir að halda 90 ára afmælishátíð skólans laugardaginn 19. október nk.

Melaskóli óskar eftir að halda sumarhátíð í samstarfi við foreldrafélag skólans síðdegis 4. júní 2020 í kjölfar hefðbundins skóladags.

Skólaboðunardagur **Norðlingaskóla** er haldinn laugardaginn 17. ágúst og telst hann skertur skóladagur. Þessi háttur hefur verið hafður á frá stofnun skólans en dagurinn er ætlaður til samskipta milli kennara og foreldra en þá heimsækja kennarar nemendur og foreldra þeirra og ræða við þá um skólabyrjun og skólastarfið. Skólaráð er samþykkt þessari tilhögun. Jafnframt óskar skólinn eftir að halda jólaskemmtun síðdegis 19. desember að loknum hefðbundnum skóladegi. Jólaleyfi skólans hefst þess vegna 20. desember. Skólinn óskar að slíta skóla á vorhátíð skólans laugardaginn 6. júní 2020.

Réttarholtsskóli óskar eftir að hafa safnadag síðdegis fimmtudaginn 14. nóvember að loknum hefðbundnum skóladegi.

Rimaskóli óskar að halda vorhátíð í samstarfi við foreldrafélag skólans síðdegis þriðjudaginn 2. júní að loknum hefðbundnum skóladegi.

Seljaskóli óskar eftir að halda afmælishátíð laugardaginn 31. ágúst í samstarfi við foreldrafélag skólans. Einnig óskar skólinn eftir að hafa skertan dag í lok hefðbundins skóladags í febrúar eða mars 2020 þegar framkvæmdum við skólann er lokið og allir nemendur skólans komnir undir sama þak aftur.

Sæmundarskóli óskar eftir að slíta skóla í lok hefðbundins skóladags 5. júní 2020.

Kennarar í **Vesturbæjarskóli** skiluðu ályktun þess efnis að þeir teldu skólaárinu of þröngur stakkur sniðinn þar sem fimm samningsbundnir starfsdagar rúmuðust ekki innan þess og fara þess á leit að dagatalinu verði breytt í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Skólaráð **Vogaskóla** leggur til að vetrarleyfisdagur verði tveir á haustönn og þrír á vorönn í framtíðinni þar sem lengra er liðið á skólaárið og fleiri ferðamöguleikar fyrir fjölskyldur í febrúar. Skólinn óskar jafnframt eftir að hafa sveigjanlegan skóladag síðdegis 1. apríl 2020.

Ölduselsskóli óskar eftir að halda afmælishátíð síðdegis 28. maí í kjölfar hefðbundins skóladags.

Sjálfstætt reknir skólar:

Landakotsskóli óskar eftir að halda vorhátíð síðdegis að loknum hefðbundnum skóladegi mánudaginn 8. júní 2020 og að slíta skóla þriðjudaginn 9. júní.

Skóli Ísaks Jónssonar óskar að slíta skóla að loknum hefðbundnum skóladegi föstudaginn 5. júní 2020.

Suðurhlíðarskóli óskar eftir að vera með skólasetningu síðdegis 20. ágúst og slíta skóla síðdegis 5. júní 2020. Einnig óskar skólinn eftir að taka vetrarleyfi 3. og 4. febrúar 2020 í stað 28. feb. og 2. mars vegna kennararáðstefnu í Noregi sem kennarar skólans óska eftir að sækja.

Tjarnarskóli óskar eftir að hafa skertan skóladag í lok hefðbundins skóladags í byrjun október vegna heimsóknar danskra nemenda og 1. apríl vegna árshátíðar.

Waldorfskólinn Sólstafir óskar eftir að vera með hefðbundinn jólabasar laugardaginn 2. nóvember sem telst skertur dagur nemenda. Skólinn óskar jafnframt eftir að taka ekki vetrarleyfi á haustönn en taka vetrarleyfi 17. – 21. febrúar á vorönn 2020.

Meðfylgjandi er útdráttur úr skóladagatölum ofangreindra skóla fyrir skólaárið 2019 – 2020.